

Nr. 8/1901:

W. O. Breiðfjörð

gegn

Guðmundi Björnssyni.

D ó m u r:

Áfrýjunarstefnan í máli þessu var birt hinum stefnda 12. febr. þ. á., og honum með henni stefnt til að mæta í yfirdóminum 25. s. m. Málinu hefir því eigi verið stefnt til yfirdómsins með löglegum fyrirvara samkv. tilskipun 11. júlí 1800, 15. gr., og ber því að frávísa því eftir kröfu hins skipaða málsfærslumanns stefnda. Áfrýjandi greiði hinum skipaða málsfærslumanni stefnda í kost og tæring 8 krónur.

Það vottast, að málsfærilan af hendi hins skipaða málsfærslumanns stefnda hefir verið lög-mæt.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu visast frá yfirdóminum. Áfrýjandi W. Ó. Breiðfjörð greiði í kost og tæring til hins skipaða málsfærslumanns stefnda, yfirréttarmálaflutningsmanns Einars Benediktssonar, 8 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.